



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum árunum 2018 - 2020

2020

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu þremur mánuðum árunum 2018, 2019 og 2020. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum árunum 2018, 2019 og 2020.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 um 9,5% miðað við árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 19,8% ef miðað er við fyrstu þrjú mánuði ársins 2018. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 var 3.033 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni, en fækkaði lítillega í nágrenni Reykjavíkur á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 miðað við árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 43% tilkynninga. Þetta hlutfall var 41,2% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 og 42% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 var 28,4%, 25,6% fyrir sama tímabil árið á undan og 26,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 27,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020, 32,3% fyrir sama tímabil árið á undan og 30,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 16,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020, 13,1% fyrir sama tímabil árið á undan og 13,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 6,4% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020, 7,5% fyrir sama tímabil árið á undan og 7,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 36,6% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020, hlutfallið var 40,3% fyrir sama tímabil árið á undan og 39,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 var 2.427 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 2.221 barn og 1.998 börn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 miðað við sama tímabil árið á undan úr 35 umsóknum í 48. Umsóknir voru 46 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Flestar umsóknir bárust um MST sem er fjölkerfameðferð (MST) og snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 39,6% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 úr 58 beiðnum í 43 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 36 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði mest og flestar beiðnir bárust frá Reykjavík eða 46,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020. Fleiri beiðnir bárust fyrir stúlkur fyrstu þrjá mánuði árána 2018 og 2020, en fleiri fyrir drengi á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 49 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 í 95 fyrir sama tímabil á árinu 2020, en þau voru 60 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Skýrslutökur fyrir dómi voru 64 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020, 24 fyrir sama tímabil árið á undan en 26 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Fjölgunin varðaði bæði skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis og líkamlegs ofbeldis. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 25 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 í 31 fyrir sama tímabil á árinu 2020, en þau voru 34 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 var 95 börn, en þau voru 49 fyrir sama tímabil árið og undan og 60 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fjölgaði úr 44 í 52 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistanir voru 54 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018. Vistunardögum fækkaði úr 237 dögum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019 í 232 daga fyrir sama tímabil á árinu 2020, en vistunardagar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 voru 378. Alls komu 30 börn á lokaða deild á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020, en þau voru 25 fyrir sama tímabil á árinu 2019 og 36 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði miðað við árin á undan, voru 11 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020, 14 fyrir sama tímabil á árinu 2019 og 18 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði


Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.129	44,6	1.182	42,6	1.265	41,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	653	25,8	778	28,1	767	25,3
Landsbyggð	749	29,6	811	29,3	1.001	33,0
Samtals²	2.531	100,0	2.771	100,0	3.033	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.362	53,8	1.451	52,4	1.690	55,7
Stúlkur	1.154	45,6	1.299	46,8	1.318	43,5
Ekki vitað ¹	15	0,6	21	0,8	25	0,8
Samtals	2.531	100,0	2.771	100,0	3.033	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði¹

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	805	40,3	854	38,5	932	38,4
Nágrenni Reykjavíkur ²	560	28,0	660	29,7	653	26,9
Landsbyggð	633	31,7	707	31,8	842	34,7
Samtals	1.998	100,0	2.221	100,0	2.427	100,0

¹Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

²Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.077	53,9	1.189	53,5	1.363	56,2
Stúlkur	911	45,6	1.017	45,8	1.051	43,3
Ekki vitað ¹	10	0,5	15	0,7	13	0,5
Samtals	1.998	100,0	2.221	100,0	2.427	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.467	73,4	1.622	73,0	1.728	71,2
Drengir	786	53,6	853	52,6	929	53,8
Stúlkur	672	45,8	760	46,9	786	45,5
Ekki vitað ²	9	0,6	9	0,6	13	0,7
Þar af nýjar kannanir	789	39,5	856	38,5	728	30,0
Drengir	410	52,0	470	54,9	386	53,0
Stúlkur	375	47,5	382	44,6	335	46,0
Ekki vitað ²	4	0,5	4	0,5	7	1,0

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Ástæður tilkynninga


Ástæður tilkynninga	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.062	42,0	1.141	41,2	1.304	43,0
<i>Drengir</i>	550	21,7	573	20,7	656	21,6
<i>Stúlkur</i>	512	20,2	568	20,5	648	21,4
Líkamleg vanræksla	52	2,1	54	1,9	60	2,0
<i>Drengir</i>	29	1,1	34	1,2	34	1,1
<i>Stúlkur</i>	23	0,9	20	0,7	26	0,9
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	867	34,3	970	35,0	1.102	36,3
<i>Drengir</i>	446	17,6	485	17,5	542	17,9
<i>Stúlkur</i>	421	16,6	485	17,5	560	18,5
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	348	13,7	364	13,1	494	16,3
<i>Drengir</i>	172	6,8	182	6,6	240	7,9
<i>Stúlkur</i>	176	7,0	182	6,6	254	8,4
Vanræksla varðandi nám	68	2,7	53	1,9	82	2,7
<i>Drengir</i>	40	1,6	36	1,3	54	1,8
<i>Stúlkur</i>	28	1,1	17	0,6	28	0,9
Tilfinningaleg vanræksla	86	3,4	100	3,6	88	2,9
<i>Drengir</i>	49	1,9	41	1,5	44	1,5
<i>Stúlkur</i>	37	1,5	59	2,1	44	1,5
Ofbeldi	677	26,7	710	25,6	861	28,4
<i>Drengir</i>	321	12,7	318	11,5	448	14,8
<i>Stúlkur</i>	356	14,1	392	14,1	413	13,6
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	417	16,5	453	16,3	529	17,4
<i>Drengir</i>	205	8,1	205	7,4	277	9,1
<i>Stúlkur</i>	212	8,4	248	8,9	253	8,3
Þar af heimilisofbeldi	200	7,9	209	7,5	195	6,4
<i>Drengir</i>	100	4,0	99	3,6	111	3,7
<i>Stúlkur</i>	100	4,0	110	4,0	84	2,8
Líkamlegt ofbeldi	139	5,5	165	6,0	215	7,1
<i>Drengir</i>	81	3,2	89	3,2	131	4,3
<i>Stúlkur</i>	58	2,3	76	2,7	84	2,8
Kynferðislegt ofbeldi	132	5,2	114	4,1	120	4,0
<i>Drengir</i>	40	1,6	32	1,2	34	1,1
<i>Stúlkur</i>	92	3,6	82	3,0	86	2,8

Áhættuhegðun barna	775	30,6	895	32,3	838	27,6
<i>Drengir</i>	493	19,5	563	20,3	582	19,2
<i>Stúlkur</i>	282	11,1	332	12,0	256	8,4
Neysla barns á vímuefnum	154	6,1	153	5,5	137	4,5
<i>Drengir</i>	95	3,8	87	3,1	83	2,7
<i>Stúlkur</i>	59	2,3	66	2,4	54	1,8
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	305	12,1	344	12,4	320	10,6
<i>Drengir</i>	157	6,2	186	6,7	188	6,2
<i>Stúlkur</i>	148	5,8	158	5,7	132	4,4
Afbrot barns	133	5,3	176	6,4	137	4,5
<i>Drengir</i>	99	3,9	122	4,4	113	3,7
<i>Stúlkur</i>	34	1,3	54	1,9	24	0,8
Barn beitir ofbeldi	123	4,9	152	5,5	177	5,8
<i>Drengir</i>	107	4,2	120	4,3	155	5,1
<i>Stúlkur</i>	16	0,6	32	1,2	22	0,7
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	90	3,6	109	3,9	98	3,2
<i>Drengir</i>	52	2,1	68	2,5	64	2,1
<i>Stúlkur</i>	38	1,5	41	1,5	34	1,1
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	17	0,7	25	0,9	30	1,0
Tilkynningar alls	2.531	100,0	2.771	100,0	3.033	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	109	100,0	147	100,0	189	100,0
<i>Drengir</i>	53	48,6	65	44,2	97	51,3
<i>Stúlkur</i>	55	50,5	81	55,1	89	47,1
<i>Ekki vitað³</i>	1	0,9	1	0,7	3	1,6

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	20	0,8	15	0,5	23	0,8
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	131	5,2	149	5,4	173	5,7
Nágrannar	172	6,8	157	5,7	234	7,7
Önnur barnaverndarnefnd	33	1,3	39	1,4	52	1,7
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	67	2,6	75	2,7	69	2,3
Lögregla	1.010	39,9	1.118	40,3	1.109	36,6
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	391	15,5	459	16,6	482	15,9
Leikskóli/gæsluforeldri	66	2,6	52	1,9	46	1,5
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	243	9,6	284	10,2	319	10,5
Foreldrar barns	207	8,2	199	7,2	242	8,0
Aðrir	191	7,5	224	8,1	284	9,4
Samtals	2.531	100,0	2.771	100,0	3.033	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	8	17,4	4	11,4	7	14,6
Önnur meðferðarheimili*	7	15,2	9	25,7	4	8,3
MST	31	67,4	22	62,9	37	77,1
Samtals	46	100,0	35	100,0	48	100,0

* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt (Háholt lokaði um mitt ár 2017).

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	15	32,6	16	45,7	16	33,3
Nágrenni Reykjavíkur ¹	19	41,3	9	25,7	13	27,1
Landsbyggð	12	26,1	10	28,6	19	39,6
Samtals	46	100,0	35	100,0	48	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	32	69,6	23	65,7	28	58,3
Stúlkur	14	30,4	12	34,3	20	41,7
Samtals	46	100,0	35	100,0	48	100

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	20	55,6	33	56,9	24	55,8
Varanlegt	11	30,6	16	27,6	11	25,6
Styrkt	5	13,9	9	15,5	8	18,6
Samtals	36	100,0	58	100,0	43	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	10	27,8	23	39,7	20	46,5
Nágrenni Reykjavíkur ¹	11	30,5	17	29,3	8	18,6
Landsbyggð	15	41,7	18	31,0	15	34,9
Samtals	36	100,0	58	100,0	43	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	16	44,4	30	51,7	18	41,9
Stúlkur	20	55,6	28	48,3	25	58,1
Samtals	36	100,0	58	100,0	43	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu þrjú mánuðir 2018	Fyrstu þrjú mánuðir 2019	Fyrstu þrjú mánuðir 2020
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	60	49	95
a. Skýrslutökur ¹	26	24	64
Vegna kynferðislegs ofbeldis	14	13	26
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	12	11	38
b. Könnunarviðtöl	34	25	31
Þar af við fylgdarlaus börn	0	2	1
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáradila	0	1	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	27	41	27
Læknisskoðanir	4	2	0

¹Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í sex tilvikum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020. 2018 og 2017

Kyn barna í Barnahúsi

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	25	41,7	16	32,7	39	41,1
Stúlkur	35	58,3	33	67,3	56	58,9
Samtals	60	100,0	49	100,0	95	100,0

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Lokuð deild á Stuðlum

Lokuð deild á Stuðlum¹

	Fyrstu þrjú mánuðir 2018	Fyrstu þrjú mánuðir 2019	Fyrstu þrjú mánuðir 2020
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	54	44	52
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	378	237	232
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	0
Fjöldi einstaklinga	36	25	30

Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	24	66,7	12	48,0	23	76,6
Stúlkur	12	33,3	13	52,0	7	23,3
Samtals	36	100,0	25	100,0	30	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu þrjú mánuðir 2018		Fyrstu þrjú mánuðir 2019		Fyrstu þrjú mánuðir 2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	9	50,0	6	42,9	3	27,3
Vesturland	1	5,6	3	21,4	1	9,1
Vestfirðir	1	5,6	1	7,1	0	0,0
Norðurland	3	16,7	1	7,1	2	18,2
Austurland	1	5,6	0	0,0	0	0,0
Suðurland	2	11,1	1	7,1	4	36,4
Reykjanes	1	5,6	2	14,3	1	9,1
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Samtals	18	100,0	14	100,0	11	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.